

AIC - ÍSLAND/ICELAND

Flugmálastjórn Íslands, Reykjavíkflugvelli, 101 Reykjavík /
Icelandic Civil Aviation Administration, Reykjavik Airport, IS-101 Reykjavik, Iceland
Sími/Telephone: + 354 569 4100 - Fax/Telefax: + 354 562 3619
Netfang/E-mail: fms@caa.is - Veffang/Internet address: http://www.caa.is

AIC
B 08 / 2002

26 DEC 2002

ICELANDIC



ENGLISH

Reynsluflug

Til flugmanna og flugvéltækna einka- og kennsluflugvéla:

- Samkvæmt 26. gr. 3. mgr. laga um loftferðir #60/1998 er heimilt að fljúga loftfari „...þegar nauðsynlegt þykir að prófa kosti loftfars eða sérstakar aðrar ástæður eru til.“ Hér er átt við að reynsluflug sé heimilt eftir viðhald, viðgerð eða breytingu enda sé reynsluflugið nauðsynlegt og framkvæmt í þeim eina tilgangi að sannprófa megi lofthæfi loftfarsins.
- Áður en slíkt flug er framkvæmt verður að liggja fyrir skrifleg staðfesting frá flugvéltækni, í viðhaldsgögnum loftfarsins, um að loftfarið sé flughæft og hver sé tilgangur reynsluflugsins.
- Áður en reynsluflug er hafið skal flugmaður, við undirbúning flugsins, m.a. ganga úr skugga um að loftfarið hafi verið lýst flughæft með því að skoða viðhaldsgögn loftfarsins. Hann verður einnig að gera huglæga áætlun um hvernig hann hyggst framkvæma flugið og hvernig hann hyggst bregðast við ef eitthvað skyldi fara úrskeiðis meðan á reynslufluginu stendur.
- Að afloknu reynslufluginu skal flugmaður skrá athugasemdir og niðurstöður reynsluflugsins í viðhaldsgögn loftfarsins við hlið útskriftar flugvéltækisins fyrir reynsluflugið, ásamt undirskrift og númeri flugskrteinis síns. Ef hann gerir engar athugasemdir verður hann einnig að skrá í viðhaldsgögnin að svo sé.
- Ef engar athugasemdir hafa verið gerðar eftir reynsluflugið og flugvéltæknir hefur staðfest það með undirskrift sinni og skirteinisnúmeri er loftfarið talið lofthæft.

This AIC is only issued in Icelandic

Flugöryggissvið Flugmálastjórnar

AIC upplýsingarbréf nr. B-0003 dagsett 25. maí 2001 er hér með fellt úr gildi.

THIS PAGE INTENTIONALLY LEFT BLANK